

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
07. feb. 2018
Tilv. _____

Akureyri 2. febrúar 2018
UST201712-203/G.S.Á.
08.11.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 26.10. 2017, hjá N-lax ehf., Laxamýri.

Þann 26. október sl. fór fram eftirlit í N-lax ehf., Laxamýri, Húsavík. Í samræmi við 4. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin athugasemd er gerð í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram er varða:

1. Frávík frá umfangi starfsleyfis. Rekstraraðili hefur heimild til að framleiða allt að 20t af lax, regnbogasilung og bleikju á ári skv. starfsleyfi. Framleiðsla rekstraraðila árið 2016 var 24 tonn.
2. Gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, vegna mengunarvarna fyrir kræklingarækt, fiskeldi og aðra sambærilega starfsemi. Rekstraraðili skal vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Vöktunaráætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila og niðurstöður mælinga voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu.
3. Ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 2. mgr. 27. greinar reglugerðar nr. 786/1999 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. febrúar, 2018.

Virðingarfyllst

G. Stella Arnadóttir

Guðbjörg Stella Arnadóttir
teymisstjóri

Sverrir A. Jónsson
Sverrir A. Jónsson
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

gsa

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstæradíla: N-lax, Austurbrekku Kt. 551009-1220	Dags. eftirlits: 26.10.2017	Staðsetning stöðvar: Húsavík	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Jón H Vigfússon	Netfang: nordurlax@tpostur.is	Sími: 893-9995	Gerð stöðvar: Landeldi
Güldistími starfsleyfis: 20.03.2017	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Hallgrímur, starfsmaður N-Lax	Fultrúi heilbrigðiseftirlits:

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		x		Starfsleyfi 20 tonn, framleidd 24 tonn á síðasta ári.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Engar breytingar
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		x		Hefur ekki verið skilað
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	x			
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		x		
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?	x			Í lagi
Nánari lýsing á mengunarvarnaráðum í frárennslí, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Vatn rennur í settjörnu og þaðan í gegnum rist og að viðtaka (Laxá)
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			C. a 1 km að viðtaka

Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		x		
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Sjá afrit af tölvupósti
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Vantar mælingar
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x		Engar niðurstöður hjá UST
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Áætlað í nóvember, búið að ræða við Sýni. Jón Vigfússon, stöðvarstjóri sér um mælingar

Niðurstöður síðasta eftirlits: Síðasta eftirlit 7. okt 2015	
Samantekt:	Engar breytingar á stöð frá síðasta eftirliti
Frávik	Umfang framleiðslu er ekki í samræmi við starfsleyfi Ársskýrslu hefur ekki verið skilað Vantar skráningar vegna losunar á fosfór og köfnunarefni Umhverfissvöktun ekki í samræmi við starfsleyfi og niðurstöður mælinga hafa ekki borist Umhverfisstofnun.
Athugasemdir	
Annað	

Undirskrift eftirlitsmanns:

Ástgeir S. Sigmundsson

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri



Dags eftirlits	26.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Helga V. Sigurjónsdóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit er varða að rekstraraðili framleiðir meira magn í stöðinni en heimild er fyrir í starfsleyfi, að vöktunaráætlun og niðurstöður vöktunarmælinga voru ekki til staðar í eftirliti og að trygging v. bráðamengunar hafs- og stranda er ekki til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávík frá

Umfangi starfsleyfis

Lýsing á frávíki

Rekstraraðili hefur heimild til að framleiða allt að 20t af lax, regnbogasilung og bleikju á ári skv. starfsleyfi. Framleiðsla rekstraraðila árið 2016 var 24 tonn.

Gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, vegna mengunarvarna fyrir kræklingarækt, fiskeldi og aðra sambærilega starfsemi.

Rekstraraðili skal vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Vöktunaráætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila og niðurstöður mælinga voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskirteini vegna bráðamengunar skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAD


Skv. starfsskilyrðum fyrir fiskeldi á landi skal rekstraraðili starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað, atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

Rekstraraðili skal vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp.

Fram kemur í gátlista að gildistími starfsleyfis sé til 20.03.2017. Hið rétta er að starfsleyfið gildir til 20.03.2023.

02.02.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eflirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir